

Aðalfundur stjórnar Waldorfskólans Lækjarbotnum

Mætt eru: Eiríkur Gunnarsson, Guðjón Árnason, Sigrún Eiríksdóttir, Þórlaug Sæmundsdóttir, Outi Kuosmanen, Brynhildur Stefánsdóttir, Salbjörg Guðjónsdóttir og Hildur. Auðólfur mætti 19:18. Salbjörg fór af fundi 19:40.

Fráfarandi formaður segir stuttlega frá stofnun stjórnarinnar og hvernig hún hefur starfað hingað til. Kynnir breytingar sem hafa átt sér stað og þurfi að breyta í félagslögum stjórnarinnar til að nálgast þeim stað sem skólinn er í dag.

Umræður á fundinum leiðir í ljós að skólaráð var stofnað að beiðni kennara að fulltrúar foreldra úr hug, hjarta og hönd væru í ráðinu.

Stjórn foreldrafélagsins gat ekki kosið nýjan formann þar sem enginn gaf sig fram á síðasta aðalfundi foreldrafélagsins.

Hugmynd að hlutverki skólaráðs fari inn í stjórn Waldorfskólans Lækjarbotnum til þess að það séu ekki tveir líkir vettvangar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum og eignum skólans. Foreldrar kom að ákvörðunartökum þegar beðið er um álit á ákvörðunum en koma síður að ferlum sem leiða að ákvörðunum.

Umræður á fundi: Starfsmannaráð þarf að halda línunni opinni til foreldraráðs. Hugsjónarfólki fer fækkandi. Kennarar fengi meiri rými til að einbeita sér að kennslu. Mikilvægt að samtalið verði frjósamt á báða bóga. Gott fyrir foreldra að vita að þeir séu ekki að leggja auka byrði á kennara með því að skólastjóri sé kominn inn. Ytri rekstur og hið innra, faglega og hins vegar frumleika og hugmyndir. Ef hið faglega er of sterkt er oft keyrt á vegg. Þarf að vera á milli, presentera sýn sem hefur hið faglega og hið skapandi. Kynna þennan neista fyrir skólasamfélaginu. Steiner: hið vaxandi egó ungra barna eru áskoranir. Vera opin fyrir breyttum tímum. Gríðarleg lífæð fyrir samfélagið. Afskreyta upplýsingaflæði frá skólanum.

Formaður leggur til að fundurinn samþykki breytinguna á skipulagsskrá sem lögð er fram á fundinum (sjá fylgiskjal).

Breytingin lögð fram til kosninga. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Fulltrúi foreldra samþykkir að því gefnu að fulltrúar frá foreldraráði fái að koma að ákvörðunartökum. Hafi tækifæri á að fara með inn á fund foreldraráðs og koma með til baka. Stefnumótun sé í samvinnu við foreldra.

Samþykkt að aðalfundinum að starfsmannaráð skipar tvo fulltrúa, tveir starfsmenn og skólastjóra.

Foreldraráð skiptar tvo fulltrúa. Skilaboðum komið til Vinir Waldorf um að þau útnefni einn fulltrúa.

Auka aðalfundur boðaður eftir að foreldraráð og skólaráðsfundur hefur verið haldin í desember þar sem ný stjórn tekur við að núverandi stjórn.

Fundið slitið kl 20:57